

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðarbær, 08. nóvember 2010  
2010060014/42-1-1  
TB  
jgo/tb

### **Frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhita (heildarlög)**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 27. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og jarðhita (heildarlög), 77. mál. Um er að ræða endurflutt og óbreytt frumvarp frá fyrra þingi.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði töluverðar athugasemdir við frumvarpið síðast þegar það var lagt fram, sjá meðfylgjandi bréf til iðnaðarnefndar dags. 16. ágúst sl.

Náttúrufræðistofnun ítrekar eftirfarandi niðurstöður úr umsögn sinni:

Náttúrufræðistofnun Íslands telur frumvarpið eins og það er sett fram verða til þess að flækja vinnu og dreifa kröftum við mat á náttúruverndargildi. Náttúrufræðistofnun telur að einn landnýtingarflokkur sé ekki næg ástæða til að stofna nýja „örstofnun“ þ.e. verkefnisstjórn ásamt faghópum.

Náttúrufræðistofnun telur fagvinnu vegna mats á náttúruverndargildi betur komna hjá þeim stofnunum sem eiga að sinna því skv. lögum. Þannig verður öflun grunnupplýsinga með rannsóknum og geymslu þeirra, faglegri vinnu og nýtingu fjármuna best borgið.

Náttúrufræðistofnun telur að ekki eigi að leika vafi á því að forræði friðlýsinga og mat á náttúruverndargildi landsvæða heyri til umhverfisráðuneytisins.

Að öðru leiti styður Náttúrufræðistofnun framangreint frumvarp og telur vel mega nást sátt um flokkun lands í nýtingar-, bið- og verndarflokk án þess að stækka og flækja ríkiskerfið og stjórnslu á þessu sviði.




Náttúrufræðistofnun Íslands er tilbúin til að mæta á fund iðnaðarnefndar Alþingis til að skýra út mál sitt.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf til iðnaðarnefndar Alþingis dags. 16. ágúst sl.

